

Miðvikudaginn 7. desember 1949.

Nr. 63/1949. **Réttvísinn**

gegn

**Hauki Arnars Bogasyni**

Framhaldsrannsókn fyrirskipuð.

**Úrskurður Hæstaréttar.**

Rannsókn máls þessa er áfátt í nokkrum greinum. Ber héraðsdómara því að rannsaka eftirtalin atriði, áður en dómur verður felldur í því í Hæstarétti.

1. Leiða þarf í ljós gerð áætlunarbifreiðarinnar R-4705 á þeim tíma, sem slysið varð, þar á meðal, hvort ákærði hafi getað fylgzt með því í spegli eða á annan hátt úr sæti sínu, hvort hurðin í farþegavagninum væri opin eða ekki, hvort farþegar stæðu þar við hurðina, hvar hurð þessi var á vagninum og hvort tjöld hafi verið fyrir rúðum milli bifreiðarstjóra og farþegaklefa.

2. Rannsaka ber önnur þau atriði, sem framhaldsrannsóknin kann að veita efni til.

Ályktarorð:

Héraðsdómara ber að heyja framangreinda rannsókn.

Miðvikudaginn 7. desember 1949.

Nr. 128/1948. **Réttvísinn** (Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

**Axel Sigurðssyni**

og

**Péttri Hoffmann Salómonssyni**

(Ólafur Þorgrímsson).

Fjárhættuspil.

**Dómur Hæstaréttar.**

Samkvæmt skoðunargerð dómkvaddra manna líkjast kassar þeir, sem í málinu greinir, sjálfsala, þannig að látin er ein króna í spilakassann, því næst er snúið handfangi, sem á kassanum er. Við það snúast þrjú hjól, er sjást í gegnum

rúður, sem eru ofan á kassanum. Ofan á framhlið kassans er talnatafla, sem á að sýna, hvort vinningur verður, þegar leikið er á kassann, en vinningur getur numið frá þremur til tuttugu krónum. Auk þess getur eins konar „happapottur“, sem safnast fyrir í kassanum, fylgt hæsta vinningi. Skoðunarmenn telja, að hrein hending ráði því, hvort spilamaður hreppi vinning, en leikni spilamanns skipti ekki máli.

Með tilvísun til forsendna héraðsdóms svo og skoðunargerðar þessarar þykir mega staðfesta héraðsdóminn, þó með þeirri breytingu, að brot ákærða, Péturs Hoffmanns Salómonssonar, varðar við 1. mgr. 183. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 22. gr. sömu laga, og að greiðslufrestur sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber hina ákærðu til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

#### Dómsorð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu, Axel Sigurðsson og Pétur Hoffmann Salómonsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur aukaréttar Reykjavíkur 25. júní 1948.

Ár 1948, föstudaginn 25. júní, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara kveðinn upp dómur í málinu nr. 3113—14/1948: Réttvísinn gegn Axel Sigurðssyni og Péttri Hoffmann Salómonssyni, sem dómtekið var sama dag.

Mál þetta er að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins höfðað gegn hinum ákærðu fyrir brot gegn XX. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærðir eru Axel Sigurðsson veitingamaður, Baldursgötu 36, og Pétur

Hoffmann Salómonsson verzlunarmaður, Selsvör hér í bæ. Ákærður Axel, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. maí 1902 að Þingeyri, hefur sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1929 21/11 Sátt, 50 kr. sekt og kr. 144.00 í toll fyrir brot gegn tollögum.

1937 23/3 Sátt, 75 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

1941 10/12 Áminning fyrir brot gegn reglum um lokunartíma veitingastaða.

1946 22/8 Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn 15., sbr. 35. gr. lögreglu-samþykktar Reykjavíkur.

1946 8/10 Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn verðlagsákvæðum. Upp-tækur ágóði kr. 182.00.

Ákærður Pétur Hoffmann, sem einnig er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 25. febrúar 1897 að Drápuhlið í Helgafellssveit, hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1920 22/6 Sátt, 70 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1921 9/1 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1921 22/4 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1922 3/1 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1922 29/9 Dómur Hæstaréttar, 250 kr. sekt fyrir brot gegn 8. gr. og 15. gr. sbr. 17. gr. laga nr. 91/1917 (áfengissala á Ísafirði).

1925 23/6 Sátt, 100 kr. sekt fyrir árás og meiðsl.

1928 18/4 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1929 26/3 Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun, 100 kr. skaðabætur.

1929 16/5 Áminning fyrir ölvun.

1929 14/10 Sátt, 35 kr. sekt fyrir brot gegn reglugerð um fisksölu.

1931 7/3 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1931 23/7 Áminning fyrir brot gegn samþykkt um bifreiðastæði.

1934 11/1 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1936 13/5 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1938 24/6 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1939 25/9 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1944 26/6 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1946 16/8 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Síðari hluta vetrar 1945—1946 komst lögreglan í Reykjavík að því, að í húsinu nr. 17 við Hafnarstræti voru starfræktir spilakassar, sem almenningur hafði aðgang að. Hinn 21. marz 1946 fór Guðbjörn Hansson, yfirvarðstjóri í lögreglunni, ásamt 2 lögregluþjónum að athuga þetta. Á umræddum stað fundu þeir tvo spilakassa, og voru þrír menn þar fyrir, ákærður Pétur Hoffmann, sem kvaðst vera umsjónarmaður með kössunum, og tveir aðrir menn. Tóku lögreglumennirnir kassana í vörzlur sínar. Lögregluþjónarnir Guðmundur Kristinn Helgason og Jól Kristinn Sigurðsson höfðu fyrr í mánuðinum tvisvar farið á umræddan stað til að komast að því, hversu háttáð væri starfrækslu spilakassanna. Hafa þeir borið það, að í fyrra skiptið hafi verið þarna 6—7 menn, en í síðara skiptið 10—15 eða ekki færri en 15 að sögn Jólés Kristins. Hafi

menn þessir virzt vera þarna staddir til þess eins að spila, og hafi verið spilað látlaust á kassana.

Ákærður Axel kveðst eiga kassa þessa og hafa keypt þá í Kaupmannahöfn 1923 eða 1924. Hann kveðst framan af hafa notað kassana einungis sér til skemmtunar og eigi haft af þeim tekjur. Fyrir nokkrum árum, 1943, að því er hann man bezt, kveðst Axel hafa tekið að reka veitingasölu á Baldurshaga og starfrækt hana í 1 ár og hafa þá sett kassana upp til almennra afnota. Kveðst hann ekki hafa vitað til, að óheimilt væri að starfrækja kassana þannig. Meðan ákærði dvaldist á Baldurshaga, var Baldurshagi lagður undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Kveður ákærður Axel þá lögreglumann úr Reykjavík hafa komið til sín nokkru síðar til að athuga kassana. Hafi lögreglustjóri nokkru síðar í viðtali tjáð sér að vera reiðubúinn að taka kassana niður, ef hann gæfi fyrirmæli þar um. Vorið 1944, um mánuði eftir þetta, kveðst ákærður hafa selt veitingasöluna á Baldurshaga og flutt til Reykjavíkur og komið spila-kössunum í viðgerð, og hafi þeir verið í viðgerð marga mánuði. Þegar ákærður fékk þá aftur, kveðst hann hafa komið þeim fyrir í skúr bak við kaffistofuna Gullfoss í Hafnarstræti 17, sem ákærður var þá farinn að reka. Komið hafi fyrir, að strákar, sem ákærður þekkti, hafi fengið að spila þar á kassana, en ekki kveðst ákærður vita, hve miklar tekjur hann hafi haft af þeim. Hefur hann tekið fram, að kassarnir hafi yfirleitt oft bilað og verið þá settir í viðgerð. Veturinn 1944—45 kveðst ákærður hafa flutt kassana á annan stað í húsinu, og hafi þeir lítið sem ekkert verið notaðir, meðan þeir voru þar, en þó hafi komið fyrir, að kunningjar sínir hafi gripið í þá.

Um áramótin 1944—45 kveðst ákærður hafa frétt, að félagið Heimdallur væri farið að starfrækja spilakassa, og hafi sér þá dottið í hug að fara að nota kassa sína. Hafi hann svo komið kössunum fyrir í herbergi á 2. hæð í Hafnarstræti 17, og hafi meðákærður, Pétur Hoffmann, tekið að sér að vera vörzlumaður kassanna. Voru kassarnir síðan starfræktir, unz lögreglan tók þá. Eigi kveðst ákærður Axel vita, hverjar tekjur hafi verið af kössunum. Hafi einn starfsmannanna í veitingastofunni Gullfossi, Ingvar Vilberg Brynjólfsson, séð um að tæma kassana, og hafi ágóðinn, þegar hann á annað borð hafi verið nokkur, runnið saman við sölna á veitingahúsinu. Ákærður Axel kveður ákærðan Pétur Hoffmann hafa haft fast kaup, 50 krónur á dag, og hafi stundum komið fyrir, að ágóðinn hafi ekki hrokkið fyrir kaup hans.

Ákærður Pétur Hoffmann kveðst snemma í febrúar 1946 hafa tekið að sér gæzlu spilakassanna, en þeir hafi ekki verið áður í notkun, eftir því sem hann bezt viti til. Segir ákærður, að kassarnir hafi síðan verið í notkun þá daga, sem hann gegndi starfi sínu, en hann hafi verið stopull við það. Kveðst hann muna til, að tvisvar hafi fallið úr 4—5 dagar vegna þess, að hann var við skál þá daga, enn fremur hafi hann vanrækt starfa sinn vegna heimilisástæðna. Hann segist hafa haft 50 krónur í kaup þá daga, sem hann vann, en engan hlut tekið af ágóðanum. Hann kveður spilastofuna hafa venjulega verið opna frá því upp úr hádegi og fram að

kvöldmat, síðustu dagana þó fram undir kl. 22. Töluverð aðsókn hafi verið að spilastofunni, en um ágóðann geti hann ekkert sagt, þar sem hann hafi ekki tæmt kassana.

Ingvar Vilberg Brynjólfsson skýrir svo frá, að það hafi verið í febrúar, sem ákærður Pétur tók við gæzlu kassanna, og hafi þá aukizt aðsókn að þeim, en áður hafi kunningjar ákærðs Axels stundum spilað á kassana. Segir Ingvar Vilberg, að eftir að ákærður Pétur tók við gæzlu kassanna, hafi þeir ekki verið starfræktir, þegar Pétur mætti ekki til vinnu, en oft hafi komið fyrir, að hann kom ekki. Ingvar Vilberg kveðst hafa tæmt kassana og ágóðinn þá runnið saman við ágóðann af veitingasölunni. Telur Ingvar Vilberg ágóðann hafa verið mjög lítinn umfram kaup ákærðs Péturs, sem hafi verið kr. 50.00 á dag.

Hinum ákærðu og Ingvari Vilberg ber saman um, að unglíngum og ölvuðum mönnum hafi verið meinaður aðgangur að kössunum.

Við talningu reyndust samtals vera 406 krónupeningar í kössunum.

Hafa nú verið raktar upplýsingar þær, sem fyrir hendi eru í málinu, og er þá að athuga, hvort talið verði, að ákærðir hafi með nefndri starfsemi gerzt brotlegir við áðurnefnd lagaákvæði. Telja verður, að starfræksla spilakassanna sé fjárhættuspil í merkingu 183.—184. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940. Eins og hagnýting umræddra kassa var háttáð, verður að líta svo á, að brot ákærðs Axels, sem var eigandi kassanna og naut ágóðans af rekstri þeirra, varði við 1. mgr. 183. gr. almennra hegningarlaga. Ákærður Pétur Hoffmann hafði um tíma beina atvinnu af því að starfa við fjárhættuspil þetta, og verður og að telja, að hann hafi með því einnig brotið umrædda 1. mgr. 183. gr., enda þótt brot hans sé mun smávægilegra en ákærðs Axels. Refsing ákærðs Axels þykir hæfilega ákveðin 4000 króna sekt til ríkissjóðs, og afplánist hún í 60 daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Refsing ákærðs Péturs Hoffmanns ákveðst 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Skv. 1. og 3. tl. 69. gr. og 2. mgr. 183. gr. almennra hegningarlaga ber að ákveða, að framangreindir spilakassar ásamt peningum þeim, sem í þeim voru, skuli upptækir og eign ríkissjóðs.

Hina ákærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar in solidum.

Rekstur málsins hefur eigi verið með öllu vítalaus. Af vangá rannsóknardómarans lögðust skjöl málsins með afgreiddum málum, eftir að rannsókn var lokið, og varð því mikill dráttur á, að málið yrði fyrir tekið í aukarétti.

#### Dómsorð:

Ákærður Axel Sigurðsson greiði 4000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 60 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður Pétur Hoffmann Salómonsson greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 18 daga í stað sektarinnar, verði hún

eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreindir spilakassar ásamt peningum þeim, sem í þeim voru, kr. 406.00, skulu vera upptækir ríkissjóði til handa.

Ákærðir greiði in solidum allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. desember 1949.

Nr. 73/1949. **Óskar Eggertsson** (Guttormur Erlendsson)  
 gegn  
**Lórent Karlssyni** (Ragnar Ólafsson).

Útburðarmál.

### Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfégeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. apríl sl. og krafizt þess, að framkvæmd umbeðinnar útburðargerðar verði heimiluð og stefnda dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir orðalagi leigusamnings aðilja þykir stefndi hafa mátt ætla, að leigumálanum yrði ekki slitið nema að undangenginni uppsögn samkvæmt húsaleigulögum. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 600.00.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Óskar Eggertsson, greiði stefnda, Lórent Karlssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 600.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.